



Sveitarfélagið Hornafjörður
Björn Ingi Jónsson, sveitarstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 2. september 2015
Tilv.: ANR15090012/11.3.1

Efni: Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðisins 2015/2016.

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa bæjar- og sveitarstjórnnum kost á að sækja um byggðakvóta, fyrir fiskveiðiárið 2015/2016, á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum. Bæjar-/sveitarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögin innan sveitarstjórnarumdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið, sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar.

Umsóknarfrestur um byggðakvóta fiskveiðisins 2015/2016 er til **30. september 2015**. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.

Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:

1. Minni byggðarlög (viðmiðun er 2.000 íbúar þann 1. janúar 2015), sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlag.
2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim. Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn, sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, hafi haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.

Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill byggðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir bæjar-/sveitarstjórnnum niðurstöðuna.

Ráðuneytið hefur gefið út reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2015/2016, nr. 604, 3. júlí 2015 og reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2015/2016, nr. 605, 3. júlí 2015 og eru bæjar- og sveitarstjórnarmenn hvattir til að kynna sér innihald þeirra.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Jóhann Guðmundsson

Hinrik Greipsson